

## Dagskrá aldarafmælishátíðar Eldborg 15. janúar 2018

### LÆKNAR OG UMHVERFI

14:00-14:05	Fundarstjórar bjóða afmælisgesti velkomna
14:05-14:15	Formaður LÍ, Reynir Arngrímsson flytur ávarp
14:15-14:25	Forseti Íslands Hr. Guðni Th. Jóhannesson flytur ávarp
14:20-15:00	Dr. Antony Costello flytur erindi um áhrif loftslagsbreytinga á umhverfi og heilsufar
15:00-15:20	Dr. Karine Nordstrand flytur erindi um störf Lækna án landamæra
15:20-15:30	Læknakórinn, blandaður kór lækna undir stjórn Árna Harðarsonar
15:30-16:00	<b>Afmæliscaffi</b>
16:00-16:25	Andri Snær Magnason rithöfundur, hugleiðing um tímann og vatnið, framtíðina og ísinn
16:25-16:35	Stjórn LÍ – heiðranir félagsmanna
16:35-17:55	Fjölbreytt tónlistaratriði undir stjórn Guðmundar Óskars Guðmundssonar
17:55-18:00	Fræðslustofnun lækna – Læknadagar, Jórunn Atladóttir formaður
<b>Fundarstjórn:</b>	<b>Ebba Margrét Magnúsdóttir og Michael Clausen</b>

---

### UM FYRIRLESARA AFMÆLISHÁTÍÐARINNAR

**Dr. Anthony Costello** er barnalæknir og gegnir nú stöðu framkvæmdastjóra hjá Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni, World Health Organisation, Department of Maternal, Newborn, Child and Adolescent Health. Hann var áður framkvæmdastjóri University College London Institute for Global Health og er stofnandi NGO – Women and Children First. Hann hefur verið í forsæti fyrir Lancet Commission on Health and Climate Change. Hann mun fjalla um niðurstöður skýrslunnar The Lancet Countdown: tracking progress on health and climate change, ásamt áhrifum loftslagsbreytinga á heilbrigði og stöðu mæðra, barna og ungmenna.

**Dr. Karine Nordstrand**, er formaður norsku samtakanna Lækna án landamæra, Mediciens Sans Frontiers – Leger uten grenser. Hún hefur starfað með samtökunum frá 2008 m.a. í Grikklandi, Kongó, Haiti og Indónesíu. Hún mun halda erindi og kynna hlutverk og verkefni Lækna án landamæra og norsku samtökin verða með myndarlega veggspjaldasýningu á Læknadögum til kynningar á starfi sínu.

**Andri Snær Magnason** rithöfundur fjallar um tímann og vatnið, framtíðina og ísinn. Maðurinn hefur haft margvísleg áhrif á jörðina en samkvæmt spám vísindamanna virðast stærstu breytingarnar framundan. Við sem tegund höfum haft áhrif á heilu vistkerfin en nú virðumst við höggva nærri sjálfum grundvelli lífsins, efnasamsetningu lofthjúpsins og sýrustigi hafsins. Jöklar sem hreyfðust á jarðfræðilegum skala, hverfa nú á mannlegum skala. Allar mælingar benda í sömu átt en svo virðist sem ártöl eins og 2080 og 2120 séu of fjarlæg til að tengjast okkur persónulega. Þegar eldur kviknar taka menn höndum saman og slökkva bálið, en nú gjósa 100 eldfjöll samtímis í sprengihreyflum heimsins, og við virðumst ekki geta hægt á okkur þrátt fyrir að afleiðingarnar séu augljósar fyrir afkomendur okkar. Andri Snær fer með okkur í ferðalag um fortíð, samtið og framtíð í leit að tengingum við tímann. Andri Snær hefur fengist við skáldsagnaskrif, ljóðlist, leikritagerð, almenna hugmyndavinnu og kvikmyndagerð. Verk hans hafa verið gefin út eða sýnd í meira en 30 löndum og þau hafa hlotið margvíslegar innlendar og alþjóðlegar viðurkenningar.